

## D Ó M U R

**Héraðsdóms Reykjaness miðvikudaginn 15. febrúar 2012 í máli nr. E-454/2011:**

**Útrás ehf.**

*(Gunnar Sólmes hrl.)*

**gegn**

**Exorku ehf.**

*(Christiane Leonor Bahner hdl.)*

Mál þetta var þingfest 23. febrúar 2011 og áritað um aðfararhæfi 28. sama mánaðar. Það var endurupptekið með úrskurði 21. júlí 2011 og tekið til dóms 19. janúar 2012. Stefnandi er Útrás ehf., Fjölnisgötu 3b, Akureyri, en stefndi er Exorka ehf., Hafnargötu 89, Reykjanesbæ.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða 86.666 evrur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 66.666 evrum frá 15. nóvember 2007 til 31. janúar 2008 en af 86.666 evrum frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða 7.723.200 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 5.792.400 krónum frá 15. nóvember 2007 til 31. janúar 2008 en af 7.723.200 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda en til vara að þær verði lækkaðar með tilliti til málavaxta og auk þess að vaxtakrafa verði leiðrétt með tilliti til málavaxta. Þá er þess krafist að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda um málskostnað. Stefndi krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda.

### I.

Stefnandi, sem er verkfræðistofa á sviði vélaverkfræði, orkuverkfræði og skipaverkfræði, tók að sér verkefnaöflun fyrir stefnda sem fólst í því að finna kaupendur að svokölluðum Kalina-rafstöðvum. Í málinu deila aðilar um þóknun til stefnanda vegna sölu þriggja dísilvéla sem tengdust Kalina-orkuveri í Hollandi.

Málavextir eru að öðru leyti þeir að stefndi, Exorka ehf., var stofnað árið 2001 og var megintilgangur félagsins að selja Kalina-rafstöðvar sem nýta glatvarma og lághita. Með aðilum tókst samstarf og gerðu þeir með sér rammasamning um verkfræðiráðgjöf 10. maí 2001. Þann 16. desember 2005 gerðu aðilar með sér samning um verkefnaöflun stefnanda fyrir stefnda. Í samningnum, sem ber yfirskriftina verkefnablað, segir m.a. að stefndi hafi hafið markaðssetningu

á rafstöðvum til þess að vinna orku úr lághita. Átak í markaðsmálum hafi leitt til þess að ein rafstöð hafi verið seld til Þýskalands til nýtingar á jarðhita. Sóknarfæri séu á nýtingu varma frá iðnaði, orkuverum og sorpbrennslu. Stefnandi muni aðstoða stefnda við kynningu á starfsemi stefnda og sé verkefnið fólgið í þátttöku í markaðsstarfi stefnda. Ennfremur sé verkefni stefnanda fólgið í hagkvæmnisúttektum á einstökum verkefnum, tilboðsgerð og aðstoð við gerð sölusamninga. Stefnandi muni leiða verkefnið og greiði stefndi stefnanda fasta þóknun fyrir hverja rafstöð sem vinna stefnanda leiðir til sölu á. Stefnandi fái ekki greitt fyrir útlagðan kostnað við verkefnið en óski stefndi sérstaklega eftir þátttöku stefnanda í kynningar- og sölufærðum skuli semja um greiðslur á útlögðum kostnaði í hverju tilviki. Þá er í samningi aðila kveðið nánar á um þóknun til stefnanda sem skyldi vera háð stærð seldra rafstöðva.

Þann 17. febrúar 2006 undirritaði stefndi og Lijnco í Hollandi viljayfirlýsingu um kaup á stórri rafstöð og var andvirði samningsins áætlað 6.000.000 evra. Ekki er deilt um í málinu að það var stefnandi sem hafði milligöngu um þessi viðskipti. Á grundvelli þessarar viljayfirlýsingar gerði stefndi samning við MAN B&W Diesel A/S í Danmörku um kaup á þremur dísilvélum, samtals að andvirði 3.140.000 evrur samkvæmt tveimur kaupsamningum. Í kaupsamningum var kveðið á um að stefndi skyldi greiða 10% af kaupverði til MAN B&W Diesel A/S til að staðfesta pöntunina og varð úr að Lijnco greiddi 315.000 evrur til stefnda sem greiddi þá fjárhæð áfram til MAN B&W Diesel A/S.

Svo fór að Lijnco féll frá kaupunum með bréfi 20. apríl 2007 og krafðist endurgreiðslu á innborguninni að fjárhæð 315.000 evrur. Stefndi sat því uppi með bindandi kaupsamninga um þrjár dísilvélar við MAN B&W Diesel A/S án þess að kaupandi væri að þeim.

Samningur var gerður á milli aðila um að stefndi reyndi að finna kaupendur að dieselvélunum. Í tölvupósti 6. júní 2007 frá Þórhalli S. Bjarnasyni, stjórnarformanni stefnanda, til Runólfs Maack, stjórnarformanns stefnda, segir m.a. að Þórhallur hafi látið það berast að vélarnar væru til sölu og nokkrar fyrirspurnir hafi borist. Í póstinum stingur Þórhallur upp á verðhugmyndum og að sölubóknun stefnanda verði 1/3 af hagnaði. Í tölvupósti 8. júní 2007 samþykkti Runólfur f.h. stefnda þessa tillögu Þórhalls.

Samningar komust á fyrir tilstilli stefnanda við fyrirtækið Unipak í Líbanon um kaup á tveimur dísilvélum. Var gengið þannig frá kaupunum að Unipak gekk inn í samning stefnda við MAN B&W Diesel A/S og greiddi Unipak stefnda 235.000 evrur fyrir þau viðskipti. Þá náði stefnandi samningi við MAN B&W Diesel A/S um riftun á kaupum á þriðju vélinni og endurgreiddi MAN B&W Diesel A/S 60.000 evrur til stefnda af því tilefni þann 19. mars 2008.

Þann 31. maí 2008 gaf stefnandi út reikning á hendur stefnda að fjárhæð 2.119.000 krónur vegna ferðalaga og ráðgjafar og greiddi stefndi þann reikning 11. júlí 2008.

Í málinu krefur stefnandi stefnda um sölubóknun vegna fyrrgreindra viðskipta. Í stefnu er gerð krafa um 1/3 í sölubóknun af 295.000 evrum (235.000+60.000). Telur stefnandi að greiðsla Unipak að fjárhæð 235.000 evrur til stefnda sé hagnaður af fyrrgreindum viðskiptum með sölu á tveimur dísilvélum til

Líbanon og að endurgreiðsla MAN B&W Diesel A/S á 60.000 evrum til stefnda sé einnig hagnaður. Við munnlegan flutning málsins féllst lögmaður stefnanda á þau sjónarmið stefnda að taka beri tillit til reiknings MAN B&W Diesel A/S vegna kostnaðar af ábyrgðum o.fl. að fjárhæð 35.000 evrur og að sú fjárhæð komi til frádráttar kröfu stefnanda vegna sölunnar til Unipak að fjárhæð 235.000 evrur. Krafa vegna endurgreiðslu MAN B&W Diesel A/S til stefnda að fjárhæð 60.000 evrur standi hins vegar óbreytt.

Endanleg dómkrafa sundurliðast því með eftirfarandi hætti: Krafast er 1/3 af 200.000 evrum vegna sölu á tveimur vélum til Unipak eða 66.666 evra og 1/3 af 60.000 evrum vegna endurgreiðslu MAN B&W Diesel A/S til stefnda eða 20.000 evra eða samtals 86.666 evra.

## II.

Þórhallur S. Bjarnason, stjórnarformaður stefnanda, sagði m.a. í skýrslu sinni fyrir dómi að samningurinn við Unipak hefði komist á fyrir tilstuðlan stefnanda. Stefndi hafi þar hvergi komið að málum. Samið hafi verið svo um að Unipak gengi inn í samning Lijnco við MAN B&W Diesel A/S og greiddi 235.000 evrur til stefnanda fyrir að taka yfir samninginn. Það hafi verið Unipak hagkvæmt því langur afgreiðslufrestur hafi verið á umræddum vélum frá MAN B&W Diesel A/S, allt að eitt ár á þessum tíma, að því er hann minnti. Auk þess hafi nýjar vélar frá MAN B&W Diesel A/S verið dýrari en þær sem Unipak keypti. Varðandi þriðju vélina hafi stefnandi annast öll samskipti við MAN B&W Diesel A/S sem leitt hafi til samnings um að þeim kaupum var rift og MAN B&W Diesel A/S endurgreiddi stefnanda 60.000 evrur. Þessi málalok hafi hentað MAN B&W Diesel A/S vel. Vélin hafi verið komin langt í framleiðslu og MAN B&W Diesel A/S hafi haft þörf fyrir hana í annað verkefni.

Sigurpáll B. Ásgeirsson er núverandi framkvæmdastjóri stefnda. Hann hóf störf hjá fyrirtækinu árið 2007. Hann sagði Lijnco hafa gert kröfu á stefnda um endurgreiðslu á innborgun að fjárhæð 315.000 evrur sem Lijnco hefði greitt við þöntun. Hann telji hins vegar að stefnda beri ekki skylda til að endurgreiða þá fjárhæð samkvæmt samningi aðila.

Runólfur Maack var einn eigandi stefnda og stjórnarformaður félagsins fram til ársins 2007. Hann sagði að samið hefði verið um að stefnandi annaðist sölu á fyrrgreindum vélum og fengi 1/3 af ágóða í sinn hlut.

Gestur Bárðarson var framkvæmdastjóri stefnda á þessum tíma. Hann sagði að samkomulag hefði verið um að stefnandi reyndi að finna kaupendur að díselvélunum þremur og fengi 1/3 af hagnaði sölunnar. Hins vegar hafi Lijnco gert kröfu um endurgreiðslu á innborgun og því hafi hann sagt við fyrirsvarsmenn stefnanda að ekki væri unnt að reikna út hagnað fyrr en lyktir þess máls lægju fyrir. Hann hafi látið af störfum hjá stefnanda 2010 og þá hafi lögmaður Lijnco enn verið að hafa samband án þess þó að hafa gert formlega kröfu. Samkvæmt samningi stefnda við Lijnco hafi Lijnco átt rétt á endurgreiðslu innborgunar í þrjá mánuði frá þöntun. Lijnco hafi hins vegar ekki afpantað fyrr en eftir þann tíma.

## III.

Stefnandi byggir kröfu sína á því að stefndi skuldi sér stefnufjárhæð sem sé sú þóknun sem stefndi hafi samþykkt að greiða til stefnanda. Stefnukrafan sé gerð í evrum, þar sem samið hafi verið um greiðslu til stefnda í evrum og greiðslur lagðar inn á gjaldeyrisreikning stefnda þann 15. nóvember 2007.

Til vara sé gerð sú krafa að stefndi greiði stefnanda í íslenskum krónum jafnvirði þeirra evra sem greiddar voru til stefnda 15. nóvember 2007 og 31. janúar 2008. Þessi varakrafa sé sett fram ef til þess kæmi að dómur komist að þeirri niðurstöðu að stefnanda hafi borið að umreikna kröfu sína í íslenskar krónur þegar greiðslur áttu sér stað til stefnda.

Vaxtakröfu sína byggir stefnandi á 5. gr. laga nr. 38/2001 en umsaminn gjalddagi hafi verið sá dagur er stefnandi fékk greiðslu til sín.

Að öðru leyti byggir stefnandi kröfu sína á reglum samningaréttar um að stefndi hafi skuldbundið sig til greiðslu á stefnukröfum.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á því að krafa stefnanda eigi ekki við rök að styðjast og framlögð gögn styðji ekki dómkröfur stefnanda.

Í fyrsta lagi hafði stefnandi ekki lagt fram sannanir fyrir tilgangi greiðslunnar að fjárhæð 235.000 evrur frá Unipak sem hann telji vera söluhagnað. Í málavaxtalýsingu stefnanda komi réttilega fram að Unipak hafi einungis gengið inn í kaupsamning stefnda við MAN B&W Diesel A/S og því keypt réttindi af hinu stefnda félagi. Fyrir þessar tvær vélar hafi stefndi verið búinn að greiða innborgun til MAN B&W Diesel A/S að fjárhæð 210.000 evrur og sé því eðlilegt að sá hluti kaupverðsins renni aftur til baka til stefnda. Þá hafi stefndi þurft að greiða aukakostnað að fjárhæð 35.000 evrur til MAN B&W Diesel A/S. Greiðsla að fjárhæð 235.000 evrur hafi því hvorki verið kaupverð á vélunum né hagnaður stefnda af sölnunni heldur einungis endurgreiðsla á innborgun auk þátttöku í aukakostnaði.

Í öðru lagi byggi stefnandi á því að greiðsla MAN B&W Diesel A/S til stefnda að fjárhæð 60.000 evrur sé söluhagnaður. Það liggi hins vegar í augum uppi að hér sé ekki um söluhagnað að ræða heldur einungis endurgreiðslu á innborgun.

Í þriðja lagi byggir stefndi á því að hluti kröfunnar sé þegar greiddur með greiðslu stefnda á reikningi stefnanda, dags. 31. maí 2008, að fjárhæð 2.119.000 krónur og hafi lögmáður stefnanda viðurkennt þá staðreynd í bréfi sínu 6. maí 2007.

Stefndi telur að engin sala á rafstöð hafi farið fram. Einn kaupandi hafi yfirtekið samning stefnda við MAN B&W Diesel A/S um kaup á tveimur dísilvélum en samningi vegna þriðju vélar hafi þurft að rifta. Þóknun samkvæmt samningi aðila hafi verið bundin við árangur í sölu rafstöðva og hafi átt að takmarkast við hana. Engin sala hafi hins vegar farið fram á rafstöðvum og hafi stefndi tapað nokkur þúsund evrum á öllum þessum viðskiptum.

Stefndi mótmælir vaxtakröfu stefnanda og mótmælir jafnframt kröfu stefnanda um málskostnað þar sem innheimtuviðvörðun hafi ekki verið send.

#### IV.

Stefnandi tók að sér markaðssetningu og verkefnaöflun fyrir stefnda sem fólst í því að selja svokallaðar Kalina-rafstöðvar til nýtingar á lághitu. Jafnframt tók stefnandi að sér verkfræðiráðgjöf fyrir stefnda. Vinna stefnanda leiddi til samnings stefnda við Lijnco í Hollandi um kaup á Kalina-orkuveri. Eftir að stefndi og Lijnco höfðu undirritað viljayfirlýsingu þess efnis 17. febrúar 2006 samdi stefndi við MAN B&W Diesel A/S í Danmörku um smíði á þremur dísilvélum til nota við orkuverið. Óumdeilt er í málinu að samningurinn við Lijnco komst á fyrir tilstuðlan stefnanda. Þá er enn fremur óumdeilt að stefnandi skyldi fá í sinn hlut 1/3 af söluhagnaði. Lijnco greiddi 315.000 evrur við pöntun en svo fór að Lijnco féll frá kaupunum og sat þá stefndi uppi með þrjár dísilvélar í smíðum hjá MAN B&W Diesel A/S. Samningur komst á með aðilum um að stefnandi reyndi að selja vélarnar fyrir stefnda. Í málinu hafa verið lögð fram tölvupóstsamskipti aðila þar sem fram kemur að stefnandi skyldi fá í þóknun 1/3 af hagnaði seldra dieselvéla. Í vitnaleiðslu fyrir dómi staðfestu fyrirsvarsmenn stefnda á þessum tíma, þeir Runólfur Maack og Gestur Bárðarson, að samningur þess efnis hafi komist á milli aðila.

Stefnandi heldur því fram að samningur við Unipak hafi komist á fyrir tilstuðlan stefnanda. Ekkert í málinu hefur komið fram af hálfu stefnda sem sýnir fram á annað. Þá sýna tölvupóstsamskipti að stefnandi annaðist samskipti og samningsumleitaniir sem leiddu til þess að MAN B&W Diesel A/S féllst á að rifta kaupum á þriðju vélinni og endurgreiða stefnda 60.000 evrur.

Unipak gekk inn í samning stefnda við MAN B&W Diesel A/S um kaup á tveimur vélum og greiddi stefnda 235.000 evrur fyrir þau viðskipti. Lítur stefnandi á þá fjárhæð sem hagnað stefnda af viðskiptunum en undir rekstri málsins féllst stefnandi á að til frádráttar komi 35.000 evrur vegna kostnaðar stefnda við sölu. Krafa stefnanda er því 1/3 af 200.000 evrum eða 66.666 evrur vegna sölnnar til Unipak. Þá lítur stefnandi á endurgreiðslu MAN að fjárhæð 60.000 evrur sem hagnað af viðskiptunum og krefst einnig 1/3 af þeirri fjárhæð eða 20.000 evra.

Samkvæmt framansögðu verður að líta svo á að stefnandi hafi komið á samningi við Unipak í Líbanon með þeim hætti að Unipak gekk inn í samning stefnda við MAN B&W Diesel A/S og greiddi 235.000 evrur fyrir. Sú fjárhæð telst hafa verið hagnaður af sölnni að frádragnum 35.000 evrum sem stefnandi hefur fallist á að komi til frádráttar. Á stefnandi samkvæmt samningi aðila rétt á þóknun að fjárhæð 66.660 evrur vegna þessarar sölu.

Öðru máli gegnir um endurgreiðslu MAN B&W Diesel A/S á 60.000 evrum til stefnda. Í því tilviki var ekki um sölu á dísilvél að ræða í skilningi samkomulags aðila heldur var samningi stefnda og MAN B&W Diesel A/S rift og féllst sá síðarnefndi á að endurgreiða hluta innborgunar. Verður ekki fallist á með stefnanda að honum beri þóknun vegna þess þó að stefnandi hafi séð um samskipti við MAN B&W Diesel A/S þar að lútandi. Samningur aðila tók aðeins til þóknunar vegna hagnaðar af sölu en ekki til þess að hafa milligöngu um riftun samningsins.

Varnir stefnda byggja enn fremur á því að stefnandi hafi fengið kostnað sinn greiddan samkvæmt reikningi, dags. 31. maí 2008, að fjárhæð 2.119.000 krónur

sem stefndi greiddi. Reikningurinn er vegna tveggja ferða, annars vegar til Parísar og hins vegar til Kaupmannahafnar, svo og vegna ráðgjafar að fjárhæð 1.260.000 krónur. Fyrirsvarsmaður stefnanda, Þórhallur S. Bjarnason, gaf þá skýringu í skýrslu sinni fyrir dómi að ferðirnar hafi verið farnar að beiðni stefnda vegna þess að fyrirsvarsmaður stefnda hafi ekki haft tök á að fara þessar ferðir vegna annarra verkefna. Stefndi greiddi reikninginn athugasemdalaust og verður því ekki talið að hann hafi áhrif á kröfu stefnanda í þessu máli sem varðar umsamda þóknun vegna sölu. Þá á sú málsástæða stefnda ekki við rök að styðjast að stefnandi hafi í innheimtubrési fallist á að þessi reikningur komi til frádráttar stefnukröfum.

Niðurstaða málsins verður því sú að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda 66.666 evrur en því hefur ekki verið mótmælt að krafan sé gerð í evrum. Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu reiknast dráttarvextir frá þeim degi þegar liðinn er mánuður frá því að kröfuhafi sannarlega krafði skuldara með réttu um greiðslu. Fyrri innheimtubréf stefnanda til stefnda er dagsett 2. apríl 2009 og reiknast því dráttarvextir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2004 frá 2. maí 2009 til greiðsludags.

Stefndi hefur mótmælt kröfu stefnanda um málskostnað þar sem innheimtuviðvörðun hafi ekki verið send. Sú krafa á ekki við rök að styðjast þar sem tvö innheimtubríf hafa verið lögð fram í málinu. Stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda 800.000 krónur í málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð

Stefndi, Exorka ehf., greiði stefnanda, Útrás ehf., 66.666 evrur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 2. maí 2009 til greiðsludags og 800.000 krónur í málskostnað.

Gunnar Aðalsteinsson